



SAMBAND ÍSLENSKRA SVEITARFÉLAGA

Alþingi
b.t. fjárlaganefndar
Austurstræti 8-10
150 Reykjavík

Reykjavík 4. júní 2020
2006006SA SÁS/gb
Málalykill: 01.32

Efni: Umsögn um frv. um br. á l. um opinber fjármál, 842. mál

Í upphafi er tilefni til að gera athugasemd við að Samband íslenskra sveitarfélaga var ekki í hópi þeirra sex aðila sem fengu mál þetta sent til umsagnar. Lög um opinber fjármál fjalla um fjármál ríkisins og fjármál sveitarfélaga. Í fjármálastefnu og fjármálaáætlun eru sett fram markmið um fjármál beggja stjórnarsýslustiganna. Breytingar á lögum um opinber fjármál skipta sveitarfélög því miklu máli. Sambandið telur því ástæðu til að leggja fjárlaganefnd til umsögn um fyrirleggjandi frumvarp.

Almennt

Í frumvarpinu er mælt fyrir um frestun framlagningar endurskoðaðra fjármálastefnu 2018-2022 og fjármálaáætlunar 2021-2025 til samkomudags Alþingis í haust. Samhliða þessu frumvarpi leggur forsætisráðherra fram frumvarp þess efnis að 151. löggjafarþing Alþingis verði ekki sett annan þriðjudag septembermánaðar, svo sem þingskapalög kveða á um, heldur 1. október 2020.

Lög um opinber fjármál kveða á um að ríkisstjórn skuli svo fljótt sem auðið er eftir myndun hennar leggja fyrir Alþingi fjármálastefnu til a.m.k. fimm ára. Í lögnum kemur fram að fjármálastefnu megi aðeins breyta bresti grundvallarforsendur vegna efnahagsáfalla sem ógerlegt er að bregðast við með tiltækum úrræðum. Við slík tilvik er heimilt að víkja tímabundið, í allt að þrjú ár, frá fjármálareglum laganna sem fjallað er um í 7. gr. þeirra.

Fjármálaáætlun ber að leggja fyrir Alþingi eigi síðar en 1. apríl ár hvert og ekki er að sjá að lögin veiti heimild til að hvika frá þeirri dagsetningu, jafnvel þótt sá forsendubrestur sem kallar fram breytingu á fjármálastefnu eigi við. Spyrja má hvort ekki hafi verið rétt að gera breytingu á þessu og heimila breytingu á fjármálaáætlun með vísan til sömu skilyrða og um fjármálastefnu.

Öllum er ljóst að þær forsendur sem lágu að baki fjármálastefnu sem samþykkt var á Alþingi 20. júní í fyrra eru brostnar og umtalsverð óvissa er um efnahagsþróun næstu missera. Samband íslenskra sveitarfélaga gerir ekki athugasemd við þá ætlan að gera breytingar á fjármálastefnunni en bendir þó á að umhugsunarvert er að stefnunni er nú breytt annað árið í röð og akkeri opinberra fjármála er því orðið býsna létt.

Nú blasir við að kórónuveiru kreppan verði eitt alstærsta efnahagsáfall sem riðið hefur yfir hér á landi. Skuldir hins opinbera munu aukast um hundruði milljarða króna. Þessi staða er ógnvænleg og mikilvægt nú að huga að sjálfbærni opinberra fjármála í bráð og lengd. Í því sambandi má vísa til 9. gr. laga um opinber fjármál, en

Þar er fjallað um skyldu ráðherra til að meta langtímahorfur um fjármál hins opinbera eigi sjaldnar en á þriggja ára fresti. Þessu hefur því miður ekki verið sinnt hingað til.

Nauðsyn ber til að bæta hér úr. Jafnframt er mikilvægt, ekki síst við þær fordæmalausis aðstæður sem hið opinbera glímir nú við, að bæta aðkomu Sambands Íslenskra sveitarfélaga að mótun fjármálastefnu. Því miður hefur raunin verið sú á síðustu árum að samráð við sveitarfélögin hefur verið í formi tilkynningar frekar en gagnvirks samtals.

Áhrif lagabreytingarinnar á áætlanir sveitarfélaga


Lög um opinber fjármál fjalla um hvorutveggja fjármál ríkis og sveitarfélaga. Fjármál ríkis og sveitarfélaga eru samtvinnuð. Margvíslegar aðgerðir ríkisins skipta sköpum fyrir sveitarfélögin. Fjárhagsáætlun skal leggja fyrir sveitarstjórn eigi síðar en 1. nóvember ár hvert. Afgreiðsla fjármálaáætlunar fyrir 1. apríl ár hvert hefur aukið fyrirsjáanleika og festu fjármála hins opinbera og skipt miklu fyrir vandaða vinnu sveitarstjórna við gerð fjárhagsáætlana. Frestun til 1. október skapar mikla óvissu fyrir fjárhagsáætlanir.

Efnahagslegar forsendur fjárhagsáætlana sveitarfélaga skulu reistar á þjóðhagsspá Hagstofu Íslands. Stofnunin hefur frestað útgáfu sumarspár og í birtingaráætlun er gert ráð fyrir að spá verði birt í lok september, þó er sú ætlan enn óstaðfest. Í greinargerð frumvarpsins kemur fram að hagstofa muni skila drögum að uppfærðri þjóðhagsspá til fjármálaráðuneytis í júní og að efnahagshorfur verði endurmetnar „með hliðsjón“ af nýrri þjóðhagsspá hagstofu í ágúst/september. Það er jafnræðismál og afar mikilvægt að hagstofa láti sveitarfélögum í té helstu atriðin í þjóðhagsspá um leið og ráðuneytið fær drögin í hendur í júní.

Í ljósi ofangreinds telur sambandið mikilvægt að í nefndaráliti fjárlaganefndar verði lögð sérstök áhersla á nána samvinnu hlutaðeigandi ráðuneyta, Hagstofu Íslands og sambandsins, þannig að tryggt verði með öllum ráðum að sveitarfélögin fái sem gleggstar upplýsingar, og í tæka tíð, fyrir gerð fjárhagsáætlana þeirra.

Virðingarfyllt

SAMBAND ÍSLENSKRA SVEITARFÉLAGA



Karl Björnsson
framkvæmdastjóri